

Alþingi
Erindi nr. P 137/82
komudagur 4.6.2009

4.6.2009

Utanríkismálanefnd Alþingis.

Varðar tillögur til þingsályktunar um aðild að Evrópusambandinu (38. mál, aðildarumsókn að Evrópusambandinu, og 54. mál, undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu).

Góðan daginn.

Þar sem óskað var eftir athugasemdum þá þótti mér rétt að koma eftirfarandi á framfæri. Mér finnst vanta þónokkuð á umræðu um væntanlegt atkvæðavægi Íslands meðal hinna ýmsu stofnana Evrópusambandsins. Það er nokkuð mikilvægt að fá að vita stefnu stjórnarflokkanna í þeim efnum og hvernig þeir hyggjast ætla að vernda hagsmuni Íslands að því leytinu til. Ég hef litla trú á því að önnur ríki Evrópusambandsins taki því þegjandi og hljóðalaust að Ísland fái margfalt atkvæðavægi miðað við höfðatölu eins og virðist vera kveðið á um í reglum þess.

Einnig þykir mér vanta á umræðu um það hversu víðtækt framsalið á nákvæmlega að vera, með hliðsjón af því þeirri þróun Evrópusambandsins að ganga sífellt nær fullveldi aðildarríkja sinna. Hyggst Ísland setja þeirri framþróun einhver bönd hvað sig varðar eða fyrirvara.

Í lokin þætti mér vænt um að sjá skýrari stefnu hvað varðar hernaðarstefnu Evrópusambandsins, sem nýlega var í heimsfréttum vegna áætlana um sameiningu, samræmingu o.s.frv., með hliðsjón af efni Helsinki-yfirlýsingarinnar. Þess má geta að ýmsir ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafa verið harðir andstæðingar hverskonar hernaðarihlutunar Íslendinga en mér þykir þó óhjákvæmilegt að hreyfa við þeirri staðreynd að Evrópusambandið stefnir hraðbyri í það að krefjast sameiginlegrar hernaðarstefnu af aðildarríkjum sínum.

kv.

Guðmundur Páll Líndal